

**Mál nr. 298/2020****M og  
V v/ slysatryggingar ökumanns og eiganda.****Ágreiningur um hvort réttur til bóta hafi glatast vegna tómlætis og orsakatengsl.****Gögn.**

Málskot, móttakið 7.9.2020, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.  
Bréf V, dags. 16.10.2020.

**Málsatvik.**

Hinn 21. september 2018 var M ökumaður bifreiðar, A, þegar árekstur varð með A og annarri bifreið á Laufásvegi í Reykjavík. Tveimur dögum síðar, eða 23. sama mánaðar, leitaði M á bráðamóttöku Landspítalans. Í bráðamóttökuskrá vegna komunnar á bráðamóttökuna kemur fram að um morguninn daginn áður hafi hún vaknað með vægan dofa í framanverðum handleggjum beggja vegna, frá öxlum og niður í fingur. Við komu á bráðadeildina hafi hún verið með aukna vöðvabólguverki í vinstri öxl. Hún hafi einnig fundið fyrir dofa í aftanverðum vinstri fótlegg, frá rasskinn niður að ökkla. Hún sé með gamalt brjós-klos sem hafi valdið einkennum á þessu sama svæði, þó hafi það aðallega verið verkir. Var talið að hún hafi fengið hnykk á háls og bak og mikinn vöðvastífleika í kjölfarið. Hnjask á bak hafi mögulega orðið til þess að erta gamla brjós-klossvæðið.

M hóf meðferð hjá sjúkraþjálfara 12. október 2018 og mun hafa sótt 46 meðferðartíma til 22. júní 2020.

Í læknisvottorði heimilislæknis, dag. 5. ágúst 2020, er gerð grein fyrir ýmsum stoðkerfiseinkennum sem M hefur búið við frá árinu 2001, þ. á m. í kjölfar tveggja umferðarslysa í október 2002 og nóvember 2005, svo og brjós-kloss sem greindist vorið 2009.

Með tilkynningu 29. janúar 2020 hefur M hefur krafist bóta úr slysatryggingu ökumanns A hjá V fyrir það líkamstjón sem hún kveðst hafa orðið fyrir við slysið. V hefur hafnað bótaskyldu úr vátryggingunni. Annars vegar er byggt á þeim forsendum að tilkynning um slysið hafi borist of seint með þeim afleiðingum að M hafi glatað rétti sínum til bóta, sbr. 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga og hins vegar að samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hafi ekki verið sýnt fram á orsakatengsl milli árekstursins og þeirra sjúkdómseinkenna sem hún býr við í dag.

**Álit.**

Samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 glatar sá sem rétt á til bóta samkvæmt slysatryggingu þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til viðkomandi vátryggingafélags innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á.

Samkvæmt því sem fram kom í bráðamóttökuskrá Landspítalans þegar M leitaði þangað tveimur dögum eftir slysið verður að telja nægilega ljóst að hún varð fyrir einhverjum meiðslum við áreksturinn. Hún hóf meðferð hjá sjúkraþjálfara um þremur vikum síðar sem ætla verður að hafi verið í þeim tilgangi að ná bata vegna þeirra meiðsla sem hún hafði hlotið. Með tilliti til þessa verður að telja að ekki hafi verið sýnt fram á að ári áður en V var tilkynnt um kröfu M, eða 29. janúar 2019, þ.e. rúmum fjórum mánuðum eftir slysið, hafi M mátt gera sér grein fyrir atvikum sem leiddu til kröfu hennar á hendur V. M hafði því ekki glatað rétti sínum til bóta skv. 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 þegar tilkynnt var um kröfu hennar.

Í skilmálum slysatryggingarinnar er kveðið á um það að vátryggingin greiði bætur fyrir líkamstjón vátryggðs á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/1993. Samkvæmt 1. og 2. mgr. 1. gr. laganna skal sá sem bótaábyrgð ber á líkamstjóni greiða skaðabætur fyrir atvinnutjón, sjúkrakostnað og annað fjártjón sem af því hlýst og enn fremur þjáningabætur. Ef líkamstjón hefur varanlegar afleiðingar skal einnig greiða bætur fyrir miska og bætur fyrir örorku, þ.e. varanlegan missi eða skerðingu á getu til að afla vinnutekna. Nánar er kveðið á um ákvörðun þeirra bóta sem hér um ræðir í öðrum greinum laganna, einkum 2.-7. gr.

Gögn málsins eru mjög takmörkuð varðandi það líkamstjón sem M býr við í dag og rekja má til umferðarslyssins í september 2018. Af gögnum málsins má engu að síður ráða að hún hafi búið við eldri sjúkdómseinkenni í stoðkerfi. Engin álits- eða matsgerð liggur fyrir í málinu því til sönnunar að hún búi nú við sjúkdómseinkenni af völdum árekstursins né heldur hvert tjón hennar sé. Því hefur ekki verið sýnt fram á samkvæmt fyrirliggjandi gögnum að réttur til bóta samkvæmt skaðabótalögum hafi stofnast. Við svo búið telst M ekki eiga rétt til bóta úr slysstryggingunni.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr slysstryggingu ökumanns og eiganda hjá V.

Reykjavík, 3. nóvember 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.